

Greinagerð með uppfærðri fjárhagsáætlun 2025

Rekstur Fimleikasambandsins er ekki samanburðarhæfur frá ári til árs þar sem sléttu tölu árin eru talsvert kostnaðarsamari en oddatölu árin. Evrópumót í hóp fimleikum fer fram á sléttu tölu árum og er það verkefni verulega kostnaðarsamt. Eins og hefur komið fram áður var styrkur frá afrekssjóði árið 2024 mikið sjokk og var samsteypan Fimleikasamband Íslands og Fimleika Events í rúmum 11,4 m.kr. tap árið 2024. Úthlutun úr afrekssjóði árið 2025 var rúmum 3,6 m.kr. lægri en áætlað var eða um 7,8% lægri. Úthlutunin var einnig 18% lægri en við samanburðahæft ár. Af Fimleikasamband Íslands fékk auka úthlutun frá afrekssjóði í febrúar 2025 sem nam rúmlega 28 milljónum. Fimleikasamband Íslands hefur ákveðið að nota auka úthlutuninni upp í tap ársins 2024, þýðingu á fræðslukerfi og afrekssstarf árið 2025.

Í áhaldafimleikum verður farið á öll hefðbundnu mótin en því til viðbótar var farið á heimsbikarmótaröð (WC) í tengslum við Ólympíuundirbúning sem og að farið verður á fleiri heimsbikarmót (WCC) en áður hefur við gert. Í hóp fimleikunum mun Ísland senda 5 lið á Norðurlandamót í Finnlandi í Nóvember, þar sem Fimleikasamband Íslands mun rukka félagsliðin um þátttöku, flug og hótél.

Ytri aðstæður eru okkur ekki hagstæðar. Miklar verðhækkanir hafa verið bæði á Íslandi sem og úti í heimi sem og lögbundnar launahækkanir sem auka kostnað sambandsins og gera rekstrarskilyrði erfiðari.

Fjárhagsáætlun 2025 skýringar

Styrkir og framlög

- Ríkisstyrkur Fimleikasambandsins er lægri fyrir árið 2025 en áætlun en svipuð og árið 2024.
- Gert er ráð fyrir samskonar tekjum af Lottó og á síðasta ári.
- Gert er ráð fyrir sömu tekjum vegna samstarfsaðila sem samþykkt var á þingi 2024.
- Eins og áður hefur komið fram er úthlutun úr Afrekssjóði talsvert hærri þar sem auka úthlutun kom í febrúar 2025 og er það helsta ástæða uppfærðar fjárhagsáætlunar.

Innlend mót og sýningar

- Móta- og dómaragjöld munu hækka haustið 2025 og því er reiknað með hækkun í þeim liðum. Að sama skapi hækka liðir eins og hlutur og afsláttur mótshaldara vegna hærri gjalda.
- Gert er ráð fyrir að verðlaunakostnaður standi nokkurn veginn í stað frá árinu áður, þrátt fyrir fleiri þátttakenda á milli ára, vegna góðrar nýtingar á verðlaunapeningum sem skilar sér í hlut félaganna af mótahaldinu.

Alþjóðleg mót og sýningar

- Tekjur í áhaldafimleikum hækka þar sem stefnt er á fleiri verkefni en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Liðirnir þáttökugjald, flug, hótél, ferðakostnaður og matur hækka þar á móti.
- Upphafleg áætlun gerði einungis ráð fyrir einu heimsbikarmóti (WCC) í kk og kvk, en nýja áætlunin stefnir á þrjú heimsbikarmót hjá körlunum og fjögur hjá konunum. Einnig bættist junior berlin cup og smáþjóðleikarnir við áætlunina.
- Það er einnig búið að bæta hringferð við áætlunina, sem verður farið sumarið 2025.
- Landsliðsþjálfarakostnaður lækkar örlítið þar sem árið er með breyttu sniði í hóp fimleikum.

Námskeið og fræðsluefni

- Gert er ráð fyrir sömu tekjum sem samþykkt var á þingi 2024.
- Gert er ráð fyrir góðri mætingu á dómaranámskeið í nýjum reglum haustið 2025.
- Þjálfaranámskeiðin voru mjög vel sótt haustið 2024, þar sem undanþágu þjálfaraleyfið datt úr gildi. Þess vegna er gert ráð fyrir aðeins minni þátttöku á þjálfaranámskeiðin í ár, miðað við 2024.
- Undir liðnum önnur námskeið er fræðsludagur FSÍ. Þar er gert ráð fyrir aðeins betri þátttöku en árið 2024.
- Gert er ráð fyrir álíka kostnaði við CANVAS kerfið og á árinu á undan (tækjaleiga/hugbúnaður)
- Ástæða hækkunar á námsefnisgerð er vegna þýðingu á fræðslukerfinu sem mun fara fram 2025. Það var nánast klárað námsefnisgerðina í nýja fræðslukerfinu árið 2024, en það mun fara fram lagfæring og beturumbætur árið 2025.

Leyfiskerfi

- Gert er ráð fyrir um 3% aukningu á iðkendum. Leyfisgjöldin munu hækka í haust sem er ástæða fyrir hluta af hækkuninni.

Aðrar tekjur

- Gert er ráð fyrir sömu tekjum sem samþykkt var á þingi 2024.

Rekstrargjöld

- Gert er ráð fyrir svipuðum launum og launatengdum gjöldum eins og upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Ástæða lækkunarinnar er að afreksstjóri í hópfimleikum hefur sagt upp störfum og núverandi fjármálastjóri hefur tekið við verkefnum sem fylgja því starfi. Afreksstjóri í áhaldafimleikum kvenna hefur verið fastráðinn.
- Hugbúnaðarkostnaður hefur verið hækkaður miðað við upphaflega áætlun, en áætlað er svipaður kostnaður og hefur verið síðustu ár.
- Þingið verður í svipuðu sniði og á síðasta ári og því lækkar kostnaðurinn miðað við upphaflegu áætlunina.
- Gert er ráð fyrir að húsaleiga sé hærri en á síðasta ári, þar sem Fimleikasambandið leigði út hluta af skrifstofurými sínu árið 2024.
- Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn við uppskeruhátíð og gjafir séu hærri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir, miðað við gjöldin síðastliðin ár.
- Áætlað er að bókhaldskostnaður/ráðgjöf sé svipaður í ár og árið 2024. Nýir samningar við Advania gefa okkur möguleika á ókeypis ráðgjöf í hverjum mánuði og því er ekki gert ráð fyrir jafn háum kostnaði í þessum lið.
- Gert er ráð fyrir um það bil 3% hækkun á kostnaðarliðnum tryggingar
- Seinustu ár hafa tölvur og tæki verið endurnýjuð og verður lögð áhersla á að nýta þann búnað sem best og áætlaður kostnaður því í lágmarki.

Samantekt

Úthlutun úr afrekssjóðs ÍSÍ gerði það að verkum að við endurskoðuðum fjárhagsáætlun 2025. Eftir lægri úthlutun úr afrekssjóði árið 2024 og stórt tap það ár, vorum við varkár með fjölda verkefna árið 2025. Eins og áður hefur komið fram fékk sambandið lægri úthlutun úr Afrekssjóði en áætlað var og miðað við síðustu ár, en aukaúthlutun barst ekki fyrr en í febrúar 2025. Af þeim sökum varð ekki ljóst hvaða verkefni yrðu unnin á árinu fyrr en mun síðar en æskilegt var, sem hafði veruleg áhrif á bæði landsliðspjálfa og iðkendur innan sambandsins.

Fimleikasamband Íslands hefur áveðið að auka úthlutun er notuð í tap ársins 2024, þýðingu á fræðslukerfi sambandsins og afreksstarf árið 2025. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir hagnaði upp á 6,8 milljónir króna á árinu. Samkvæmt uppfærðri áætlun er gert ráð fyrir 22,9 milljóna króna hagnaði, en þar af munu rúmlega 11,4 milljónir fara til að mæta tapi ársins 2024. Því er áætlaður hagnaður ársins 2025 um 11,5 milljónir króna.

Sýn okkar til framtíðar er hin sama og verið hefur í venjulegu árferði, að oddatölu árin eru rekin með afgangi en sléttu tölu árin í tapi og samanlagt sé örlítill afgangur og við það

myndist jafnvægi. Hagnaður ársins 2025 er ætlaður til að mæta væntanlegu tapi ársins 2026. Miðað við úthlutun úr afreksjóði ÍSÍ síðastliðin tvö ár er óljóst hvernig úthlutunin verður næstkomandi ár og því getur verið að það mun þurfa að endurskoða uppbyggingu afreksstarfsins.